



Ákvörðun nr. 9/2007 um yfirfærslu á fjarskiptaréttindum til Og fjarskipta ehf. og um afturköllun á tilteknum réttindum

11. apríl 2007

Vísað er til fyrri bréfaskipta og fundar, þann 22. mars sl., vegna yfirfærslu á tíðniheimildum o.fl. frá Dagsbrún hf., 365 ljósvakamiðlum ehf. og 365 miðlum ehf. til Og fjarskipta ehf. og boðaðrar afturköllunar á tilteknum hluta þessara réttinda.

I.

Málavextir og bréfaskipti

Þann 4. júlí 2006 barst Póst- og fjarskiptastofnun ódagsett bréf frá Dagsbrún hf. með tilkynningu um að fjarskiptarekstur þess hefði verið yfirtekin af Og fjarskiptum ehf. Var þess jafnframt óskað að viðeigandi heimildir og leyfi yrðu færð frá Dagsbrún hf. til Og fjarskipta ehf.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 18. ágúst 2006, var Dagsbrún hf. tjáð að stofnunin gæti fyrir sitt leyti fallist á yfirfærslu á umræddum réttindum með tilteknum skilyrðum, t.d. um að sýnt yrði fram á að hið nýja félag hefði fjárhagslega getu til að standa við þau skilyrði sem réttindunum fylgja.

Þá var með bréfi Dagsbrúnar hf., dags. 9. nóvember 2006, tilkynnt að félaginu yrði skipt í tvö félög, fjölmiðlafélagið 365 hf. og fjarskipta- og upplýsingatæknifélagið Teymi hf. Við þá skiptingu myndi eignarhald á dreifikerfi 365 miðla hf. (Digital Ísland) færast til Og fjarskipta ehf. Því væri þess óskað að viðeigandi heimildir og leyfi yrðu færð frá 365 miðlum hf. til Og fjarskipta ehf.

Með vísan til áður nefndra erinda Dagsbrúnar hf., um yfirfærslu réttinda til Og fjarskipta ehf., ritaði Póst- og fjarskiptastofnun Og fjarskiptum ehf. bréf, dags. 4. janúar 2007, þar sem annars vegar var farið fram á að lagt yrði fram umboð frá stjórnnum félaganna tveggja fyrir því að fyrirnefnd réttindi yrðu skráð á kennitölu Og fjarskipta ehf. og hins vegar að sýnt yrði fram á fjárhagslega stöðu félagsins með viðeigandi gögnum þar að lútandi.

Í byrjun febrúar 2007 bárust Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar um fjárhagsstöðu Og fjarskipta ehf., ásamt yfirlýsingu frá stjórn 365 miðla ehf., dags. 9. janúar 2007, um samþykki hennar fyrir því að tíðniheimildir félagsins yrðu færðar yfir til Og fjarskipta ehf.

Í ljósi þess að ekki lá fyrir sérstök tilgreining á þeim réttindum sem um ræðir, auk þess sem stofnunin hugðist afturkalla tiltekin réttindi, var Og fjarskiptum ehf. ritað bréf, dags. 26. febrúar 2007, þar sem gerð var grein fyrir áformum stofnunarinnar, sbr. eftirfarandi:

1. Yfirfærsla tíðna, númera og kóða

Í bréfinu var tilgreint nákvæmlega hvaða tíðnir, númer og kóðar ætlunin væri að færa yfir á kennitölu Og fjarskipta ehf. Var Og fjarskiptum ehf. m.a. afhent yfirlit yfir úthlutaðar tíðnir fyrir hljóðvarpssenda, sjónvarpssenda, fastasambönd, talstöðvarrás og færanlega dagskrárlinka fyrir sjónvarp og hljóðvarp. Enn fremur var afhent yfirlit yfir úthlutað númer og kóða.

2. Afturköllun á einum ISPC kóða

Gerð var grein fyrir því að félagið hefði til umráða þrjá ISPC kóða sem telja yrði óþarflega mikið, nema að einhverjar sérstakar ástæður gætu útskýrt þörfina. Af þeim sökum hygðist stofnunin afturkalla einn af þessum þremur kóðum.

3. Breyting á rekstrarleyfum í tíðniheimildir

Enn fremur fylgdu bréfinu drög að breytingum á tveimur rekstrarleyfum fyrir GSM 900 og GSM 1800, sem nauðsynlegt var að formbreyta í tíðniheimildir með vísan til bráðabirgðaákvæðis I. í fjarskiptalögum.

4. Afturköllun á tímabundinni úthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu

Eftir sameiningu Íslandssíma GSM ehf. og Tals hf. fékk félagið tímabundið úthlutað tíðnum á 900 MHz tíðnisviðinu, þ.e. 945,2-945,8 MHz (rásir 51-54), sbr. bréf dags. 2. apríl 2003. Hins vegar fólust ákveðin mistök í þeirri úthlutun af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem umrætt tíðnisvið var þegar í notkun Símans hf. samkvæmt tímabundinni heimild þar að lútandi. Þar sem til stæði að færa öll réttindi félagsins yfir á kennitölu Og fjarskipta ehf. var því tilkynnt um að stofnunin hefði í hyggju að afturkalla umrædda heimild og að hún kæmi til framkvæmda þann 14. september 2007.

5. Formleg tilkynning um fjarskiptarekstur Og fjarskipta ehf.

Að lokum var þess óskað að formlega yrði tilkynnt um fjarskiptarekstur Og fjarskipta ehf. í samræmi við 6. gr. fjarskiptalaga með því að fylla út þar til gert eyðublað.

Var fyrirtækinu veittur frestur til 14. mars 2007 til þess að gera athugasemdir við áform Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt framangreindu.

Þann 1. mars 2007 var því mótmælt af hálfu Og fjarskipta ehf., sbr. tölvupóst þess efnis, að leggja þyrfti fram umboð frá stjórn 365 hf., áður Dagsbrún hf., varðandi yfirfærslu á réttindum félagsins til Og fjarskipta ehf. Að mati félagsins væri ódagsett bréf frá lögmanni félagsins fullnægjandi í þessu sambandi, auk bréfs vegna fyrirhugaðrar skiptingar, dags. 8. júlí 2005. Til stuðnings þessu var í tölvupósti félagsins, dags. 2. mars 2007, m.a. vísað til reglna hlutafélagalaga um samruna félaga og eftir atvikum skiptingu þeirra.

Póst- og fjarskiptastofnun svaraði athugasemdum Og fjarskipta ehf. hvað þetta varðar í tölvupóstum, dags. 1. og 7. mars 2007. Samþykkti stofnunin að taka áður nefnt bréf lögfræðings til greina sem fullnægjandi tilkynningu um yfirfærslu umræddra réttinda. Verður nánar gerð grein fyrir sjónarmiðum stofnunarinnar í kaflanum hér á eftir.

Þann 22. mars 2007 var haldinn fundur með fulltrúum Og fjarskipta ehf. varðandi yfirfærslu á réttindum til félagsins og fyrirhugaða afturköllun Póst- og fjarskiptastofnun á tilteknum hluta

þeirra, sbr. bréf stofnunarinnar frá 26. febrúar 2007. Var ákveðið að Og fjarskipti ehf. myndi veita stofnuninni skriflegt svar við erindi hennar með tilliti til niðurstöðu fundarins.

Svar Og fjarskipta ehf. barst Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi, dags. 26. mars 2007, en í því segir eftirfarandi:

„Vísað er til bréfs yðar dags. 26. febrúar sl., tölvupóstsamskipta við yður í kjölfarið og fundar starfsmanna Og fjarskipta ehf. og Póst- og fjarskiptastofnunar hinn 22. mars sl.

Stofnunin hefur fallist á að tilkynning Dagsbrúnar hf. um skiptingu félagsins og færslu fjarskiptareksturs þess til Og fjarskipta ehf. ásamt ósk um yfirfærslu tíðniheimilda og annarra réttinda hafi verið fullnægjandi.

Í framangreindu bréfi yðar er tilkynnt sú fyrirætlan Póst- og fjarskiptastofnunar að afturkalla einn ISPC kóða sem fyrirtækinu hefur verið úthlutað en fyrirtækinu jafnframt gefinn kostur á að gera athugasemd við þá fyrirætlan. Í bréfinu er vísað til þess að afturköllun þessi sé gerð í tilefni af yfirfærslu á réttindum til Og fjarskipta ehf. Þar sem stofnunin hefur hins vegar fallist á að tilkynning um yfirfærslu réttinda hafi borist henni með fullnægjandi hætti í júní árið 2006 getur fyrirtækið ekki fallist á að stofnuninni sé nú heimilt að afturkalla framangreindan kóða. Við það bætist að fyrirtækið hefur á framangreindum fundi gert stofnuninni grein fyrir þörf á úthlutuðum kóðum næstu þrjú ár. Og fjarskipti ehf. geta því ekki fallist á framangreinda afturköllun.

Varðandi drög að tíðniheimildum og afturköllun á tímabundinni úthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu hefur fyrirtækið engar athugasemdir að svo stöddu.

Í bréfi yðar segir einnig að stofnuninni hafi ekki borist formleg tilkynning um starfsemi Og fjarskipta ehf. Þrátt fyrir að fyrirtækið líti svo á að tilkynning um starfsemi félagsins hafi falist í framangreindu bréfi fylgir hjálagt útfyllt eyðublað um starfsemi Og fjarskipta ehf. líkt og óskað er eftir.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Fyrst er að geta tveggja atriða sem varða ekki með beinum hætti niðurstöðu þessarar ákvörðunar. Um er að ræða liði 3. og 5. í áðurnefndu bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar frá 26. febrúar 2007.

Að því er varðar lið 3. var nauðsynlegt að breyta rekstrarleyfum í tíðniheimildir með vísan til bráðabirgðaákvæðis I. í fjarskiptalögum. Samhliða þessari formbreytingu, með tilliti til þess að fram hafði komið ósk um að færa öll fjarskiptaréttindi yfir til Og fjarskipta ehf., var það ætlun stofnunarinnar að gefa umræddar tíðniheimildir út á nafn og kennitölu Og fjarskipta ehf. Hafa drög að slíkum tíðniheimildum verið sendar til umsagnar Og fjarskipta ehf. og gerir fyrirtækið ekki athugasemdir við þau. Því hafa umræddar tíðniheimildir nú verið gefnar út, sbr. meðfylgjandi skjöl.

Að því er varðar lið 5. þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun borist formleg tilkynning frá Og fjarskiptum ehf., samkvæmt sérstöku eyðublaði, um fjarskiptarekstur fyrirtækisins. Er því ekki þörf á að fjalla frekar um þennan þátt málsins.

2.

Þann 4. júlí 2006 barst Póst- og fjarskiptastofnun ódagsett bréf frá Dagsbrún hf. með tilkynningu um að fjarskiptarekstur þess hefði verið yfirtekin af Og fjarskiptum ehf. Með vísan til þess var þess óskað að viðeigandi heimildir og leyfi yrðu færð frá Dagsbrún hf. til Og fjarskipta ehf. Þá var með bréfi Dagsbrúnar hf., dags. 9. nóvember 2006, tilkynnt að félaginu yrði skipt í tvö félög, fjölmiðlafélagið 365 hf. og fjarskipta- og upplýsingatæknifélagið Teymi hf. Með vísan til þess var þess óskað að viðeigandi heimildir og leyfi yrðu færð frá 365 miðlum hf. til Og fjarskipta ehf. Hefur félagið farið fram á að litið verði á fyrrnefnd bréf sem fullnægjandi beiðnir um yfirfærslu á umræddum réttindum til Og fjarskipta ehf.

Á síðustu misserum hafa verið gerðar talsverðar breytingar á skipulagi og skráningu þess félags sem nú heitir Og fjarskipti ehf. Hefur fjarskiptastarfsemi þess m.a. verið á hendi Dagsbrúnar hf. og þar áður Og fjarskiptum hf. Á umliðnum árum hafa enn fremur runnið inn í félagið önnur fjarskiptafyrirtæki sem hafa fengið úthlutað réttindum frá Póst- og fjarskiptastofnun, s.s. Tal hf. og Íslandssími hf. Þá hefur stofnunin úthlutað Íslenska Útvarpsfélaginu hf. fjarskiptatíðnum sem gengið hafa til 365 ljósvakamiðla hf., síðan til 365 miðla, en nú er ætlunin að flytja þau yfir til Og fjarskipta ehf.

Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar er mikilvægt að á hverjum tíma liggi fyrir með skýrum hætti hvaða tilteknu fjarskiptaréttindi eru í umráðum einstakra fjarskiptafyrirtækja. Að sama skapi er mikilvægt að samræmi sé annars vegar á milli formlegrar skráningar fyrirtækis og hins vegar úthlutaðra réttinda samkvæmt skrám Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ljósi þess að fjarskiptatíðnir, númer og kóðar eru í eðli sínu verðmæt réttindi telur Póst- og fjarskiptastofnun eðlilegt að leita eftir ótvíræðu samþykki fyrirsvarsmanna eða prókúruhafa fyrirtækis, sem ræður yfir slíkum réttindum, fyrir því að heimilt sé að skrá þau á kennitölu annars fyrirtækis. Jafnframt er mikilvægt að beiðni um slíka yfirfærslu hafi að geyma nákvæma tilgreiningu á þeim réttindum sem um ræðir. Formfesta varðandi slíkar beiðnir til Póst- og fjarskiptastofnunar er til þess fallin að auka öryggi þessara mikilvægu réttinda, auk þess sem rétt skráning þeirra er nauðsynleg svo að stofnunin geti sinnt lögbundnu eftirliti sínu með fjarskiptastarfsemi.

Hins vegar ber að líta til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hefur til þessa ekki gert kröfu um að samþykki eða umboð frá stjórn eða prókúruhafa fyrirtækis liggi fyrir til þess að færa réttindi frá einu fyrirtæki yfir til annars. Því felur nýtt verklag hvað þetta varðar í sér breytta stjórnsýsluframkvæmd. Í ljósi þess að sú breyting á sér stað eftir að umræddar tvær beiðnir bárust frá Dagsbrún hf., og fyrirtækið hefur sérstaklega óskað eftir því að þær verði teknar til greina, getur Póst- og fjarskiptastofnun, eins og sakir standa, fallist á að verða við þeirri ósk. Verður því lagt til grundvallar að umræddar tvær tilkynningar Dagsbrúnar hf., um breytingar á skipulagi fyrirtækisins, hafi falið í sér fullnægjandi beiðnir um yfirfærslu réttinda því tengdu.

Þá þarf við samruna eða skiptingu fyrirtækja að gæta að skilyrðum 8. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, en yfirfærsla á heimildum til fyrirtækis kann að vera háð því að ekki sé hætta á að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlað. Enn fremur að nýtt fyrirtæki sem

verður til við skiptingu hafi fjárhagslega getu til þess að standa við þau skilyrði sem réttindunum fylgja.

Hér er um það að ræða að færa á úthlutuð fjarskiptaréttindi, sem verið hafa á hendi móðurfélagsins (Dagsbrún hf.) og einstakra félaga í eigu þess, yfir til Og fjarskipta ehf., auk þess sem tíðniréttindi eru færð frá 365 miðlum ehf. til Og fjarskipta ehf. Póst- og fjarskiptastofnun telur að þessi yfirfærsla á réttindum gefi ekki tilefni til athugasemda með tilliti til áðurnefndra skilyrða í 8. gr. fjarskiptalaga.

Að virtu öllu framangreindu verða því með ákvörðun þessari færð öll fjarskiptaréttindi áðurnefndra fyrirtækja, þ.e. tíðnir, númer og kóðar samkvæmt sérstökum yfirlitum þar að lútandi, yfir til Og fjarskipta ehf., kt. 470905-1740. Að því varðar leyfisbréf að baki einstökum tíðniheimildum skal tekið fram að skilmálar sem þau hafa að geyma halda fullu gildi gagnvart Og fjarskiptum ehf., þ.m.t. tilvísanir um að leyfishafi skuli uppfylla skilmála í útvarpsleyfum sem útvarpsréttarnefnd úthlutar.

3.

Vegna framangreindrar yfirfærslu á fjarskiptaréttindum tók Póst- og fjarskiptastofnun saman yfirlit þar sem tilgreind voru nákvæmlega þau réttindi sem um var að ræða. Í tilefni af þessari vinnu taldi stofnunin rétt að íhuga afturköllun á tilteknum réttindum, annars vegar á einum ISPC kóða nr. 2-148-4 (HalloReyk001) og hins vegar á tímabundinni tíðniúthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu, nánar til tekið 945,2-945,8 MHz (rásir 51-54).

Gerir Og fjarskipti ehf. ekki athugasemdir við afturköllun á tímabundnu heimildinni á 900 MHz tíðnisviðinu. Hins vegar mótmælir fyrirtækið afturköllun á einum af þremur ISPC kóðum þess.

Í fyrsta lagi vísar Og fjarskipti ehf. til þess að stofnunin hafi fallist á að tilkynning þess um yfirfærslu réttinda hafi borist henni með fullnægjandi hætti í júní árið 2006.

Þrátt fyrir að stofnunin hafi fallist á að umrædd tilkynning fyrirtækisins hafi verið fullnægjandi og að yfirfærsla réttindanna séu ekki í andstöðu við skilyrði 8. gr. fjarskiptalaga verður að líta til þess, að stofnuninni ber ávallt að stuðla að hagkvæmri nýtingu á tíðnirófinu og öðrum takmörkuðum fjarskiptaréttindum, s.s. númerum og kóðum, sbr. 14. gr. fjarskiptalaga, sbr. og c.-lið 2. tölul. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Getur stofnunin því ekki fallist á sjónarmið Og fjarskipta ehf. um að afturköllun á umræddum kóða komi ekki til greina af þessum sökum. Er þá horft til þess að fyrirhuguð afturköllun var rökstudd með vísan til þess að telja yrði óþarflega mikið að hafa umráð yfir þremur ISPC kóðum, nema að sýnt væri fram á þörf fyrir slíka notkun.

Í öðru lagi mótmælir fyrirtækið afturkölluninni á þeim forsendum að full þörf sé á úthlutuðum kóðum næstu þrjú ár.

Með tilliti til aðstæðna hér á landi er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að eitt fjarskiptafyrirtæki þurfi ekki fleiri en tvo ISPC kóða og gerði stofnunin fyrirvara um slíkt í tengslum við samruna Íslandssíma hf., Tals hf. og Halló hf. á sínum tíma, sbr. bréf dags. 18. nóvember 2002, en þar segir m.a. eftirfarandi:

„Fjöldi netkóða er hins vegar takmarkaður og á það sérstaklega við um hina svo kölluðu ISPC kóða. Póst- og fjarskiptastofnun telur ekki þörf á því að eitt fjarskiptafyrirtæki hafi til umráða fleiri en tvo ISPC kóða og mun því að líkindum innkalla kóða sem eru umfram það eftir að samruni á sér stað, að gefnum eðlilegum aðlögunarfresti.“

Á fundi með Póst- og fjarskiptastofnun gerðu fulltrúar Og fjarskipta ehf. grein fyrir þörf fyrirtækisins á þremur ISPC kóðum. Helgast hún m.a. af því að ekki er að fullu búið að samhæfa símsstöðvar áður nefndra fyrirtækja sem hafa runnið inn í Og fjarskipti ehf. Af þessum sökum og í ljósi þess að ITU hefur nýlega úthlutað Póst- og fjarskiptastofnun nokkrum slíkum kóðum til viðbótar getur stofnunin fallist á að afturkalla ekki umræddan kóða Og fjarskipta ehf. að svo stöddu.

Ákvörðunarorð

1. Öll fjarskiptaréttindi, sem tilgreind hafa verið á sérstökum yfirlitum, og eru nú skráð á 365 hf., kt. 600898-2059, áður Dagsbrún hf. og félaga eigu þess, 365 ljósvakamiðla ehf., kt. 680795-2079 og 365 miðla ehf., kt. 480702-2390, eru færð yfir á nafn Og fjarskipta ehf., kt. 470905-1740, með þeim sömu skilmálum sem koma fram í leyfisbréfum að baki einstökum réttindum.
2. Tímabundin heimild um notkun á 945,2-945,8 MHz tíðnisviðinu (rásir 51-54) er afturkölluð og skal notkun tíðnisviðsins hætt eigi síðar en 14. september 2007.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson